

10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.
- B. 1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 af hverjum m² lóðar.
- C. 1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.
Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvila, næstu tvö ár á eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 399.

4. september 1975.

S A M Þ Y K K T

um gatnagerðargjöld í Grundarfirði.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði Grundarfjarðar, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.0%

Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2%
3. Tveggja hæða íbúðarhús	2%
4. Fjölbýlishús	1%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	3%
6. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði	1.5%
7. Opinberar byggingar	3%
8. Bílgeymslur	3%
9. Önnur hús	1%

Gjald af íbúðarhúsnaði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar 250 m³.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Dalasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd Dalasýslu hefur yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi.

2. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjallskilabók. Í hana skal rita það sem viðkemur fjallskilum í hreppnum.

II. KAFLI

Um afrétti, smölun þeirra og annarra leitarlanda.

3. gr.

Fjallskil skulu ná til þess lands, sem leitað hefur verið undanfarin ár. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða annað.